



Ársskýrsla 2025



Formáli stjórnar

Markmið okkar er að vera til staðar fyrir þau sem missa á meðgöngu og skapa samfélag fólks sem deilir svipaðri reynslu. Við segjum stundum að við séum félagið sem enginn vill verða hluti af, en það er einmitt þess vegna sem við verðum að standa saman og styðja hvort annað.

Það er þetta samfélag sem við höfum lagt mikla rækt við á árinu. Við létum loksins verða af því að bjóða hlaupurunum okkar að koma saman eftir Reykjavíkumaraþonið, en fyrir mörg er hlaupið stór hluti af sorgarferlinu og falleg leið til að minnast litlu ljósanna með táknrænum hætti. Það var einstök stund að fá að hitta hlauparana og aðstandendur þeirra eftir maraþonið.

Við fengum reynda sálgæsluaðila í lið með okkur á árinu til að taka betur utan um fólk sem hefur lent í flókinni sorg tengt meðgöngumissi. Í tengslum við þetta var skipulagður stuðningshópur fyrir fólk sem missti á árum áður, þegar skilningur samfélagsins var lítill á slíkum missi.

Síðar skipulögðum við einnig sérstakan stuðningshóp fyrir fólk sem hefur þurft að binda enda á meðgöngu vegna fósturfrávika eða annarra galla.

Einnig höldum við áfram stuðningshópum fyrir þá sem misstu á 12 til 22 viku meðgöngu, studdum stuðningshópinn á Landsspítalanum fyrir þau sem missa á síðasta þriðjungi meðgöngu og í eða fljótlega eftir fæðingu, og veittum ráðgjafasamtöl.

Eins og fyrri ár höfum við haldið Minningarstund á alþjóðlegum degi meðgöngu- og ungbarnamissis þann 15. október, en í fyrsta skipti í ár voru skipulagðar minningarstundir í kirkjum um land allt á sama tíma. Þann 16. október höldum við svo Minningarstund í Glerárkirkju á Akureyri, en ferð okkar norður um land var hluti af því að efla tengsl við skjólstæðinga og samstarfsaðila á landsbyggðinni. Ætlunin er að efla þessi tengsl enn frekar á næsta starfsári.

Við erum þakklátar öllum þeim sem studdu okkur á árinu. Með þessum stuðningi getum við haldið áfram að sinna okkar fjölmörgu verkefnum og tekið vel utan um samfélagið okkar um allt land.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Hólmfríður Anna Baldursdóttir

stjórnarformaður Gleym mér ei styrktarfélags



Stjórn og starfsmenn Gleym mér ei styrktarfélags 2024-2025

Stuðningur við samfélagið

Í samvinnu við spítala, stofnanir, ráðuneyti, fagaðila, sjálfbodaðila og styrktaraðila stendur Gleym mér ei að fjölda verkefna sem miða að því að veita stuðning og þjónustu til foreldra sem hafa misst á meðgöngu og aðstandenda þeirra. Félagið leggur mikla áherslu á samtöl við sína skjólstæðinga til að gera þjónustuna betri með hverju árinu og efla samstöðu þeirra sem misst hafa á meðgöngu eða fljótlega eftir fæðingu.

Minningarkassar, teppi og englasklæði

Þegar foreldrar missa barn á meðgöngu er mikilvægt að hjálpa þeim að skapa minningar um barnið og búa til fallega umgjörð í kringum missinn. Gleym mér ei hefur átt gott samstarf við spítala landsins um árabil, m.a. með því að gefa Minningarkassa til foreldra, lítill föt á börnin eða öskju fyrir þau allra minnstu, teppi og kælivöggur. Þetta hafa verið ein helstu verkefni Gleym mér ei síðustu árin.

Í Minningarkassanum er upplýsingaefni, kertastjaki, tuskukanínur, gísmót fyrir litlar fætur og hendur, box fyrir hárlökk, skartgripir og fleira sem hjálpar foreldrum að varðveita minningu litla ljóssins síns. Sjálfbodaðilar pakka í kassana og félagið sér um að dreifa þeim á spítala landsins eftir þörfum.

Fjöldi sjálfbodaðila um allt land þrjóna teppi og húfur og við eigum nú orðið mikið magn af hvoru tveggja. Konur hvaðanæva af landinu hafa saumað englasklæði úr brúðarkjólum sem fólk hefur gefið til félagsins. Á árinu hófum við samstarf við Tækniskólann þar sem nemendur hönnuðu og munu sauma þessi tilteknu klæði í öllum stærðum og gerðum. Gleym mér ei sér svo til þess að koma þeim á spítalana þar sem foreldrar geta þá búið fallega um litlu ljósin sín.

Ljósmyndaverkefni á Landspítalanum

Síðan 2024 hefur Gleym mér ei haldið utan um það stóra verkefni að senda faglærða ljósmyndara í sjálfbodaðavinnu á Landspítalanum til að taka myndir af börnum sem fæðast andvana eftir 22 vikna meðgöngu. Mikilvægt er að foreldrar hafi aðgang að faglegri ljósmyndun, sér að kostnaðarlausu, til að varðveita minninguna um börnin sín.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Sigríði Ólafsdóttur (Sissu), skólastjóra Ljósmyndaskólans, en hún tók þátt í öllu undirbúningsferlinu, ásamt Þorkeli Þorkelssyni sem hefur sinnt þessu óeigingjarna starfi í fjölda ára. Sissa heldur áfram að sjá um framkvæmd verkefnisins með Gleym mér ei.

Við þökkum Sissu kærlega fyrir að taka svona vel utan um verkefnið með okkur, og öllum ljósmyndurum sem standa nú vaktina og mæta á staðinn þegar kallið berst frá spítalanum.

Foreldrar sem missa eftir tólfstu viku meðgöngu er boðið að fá Minningarkassa frá Gleym mér ei. Árið 2025 dreifði Gleym mér ei hátt í 90 kössum á spítala landsins.



Stuðningur við samfélagið

Stuðningur við foreldra í sorgarferlinu

Gleym mér ei hefur lagt mikla áherslu á að efla enn frekar þjónustu við skjólstæðinga sína síðasta árið og býður nú upp á fleiri leiðir til að mæta þeim í sorgarferlinu en áður.

Félagið hefur notið samstarfs við marga af reyndustu sálgæsluaðilum landsins til að móta starfið með félaginu, en mikilvægt er að slík þjónusta sé vel úr garði gerð og þjóni þörfum syrgjenda í einu og öllu.

Félagið býður upp á stuðningshópa fyrir þau sem missa á 12 til 22 viku meðgöngu í samstarfi við Sorgarmiðstöð. **Árið 2025 voru tveir stuðningshópar skipulagðir, en í hverjum hópi eru 8-12 einstaklingar.**

Landspítalinn sér um stuðningshóp fyrir þau sem missa eftir 22 vikna meðgöngu, en Gleym mér ei styður þann hóp með ýmsum hætti, m.a. með veitingum fyrir þátttakendur og gjöfum fyrir gesti og fagaðila.

Stuðningshópar fyrir flókna sorg

Á árinu fór í gang stuðningshópur fyrir þau sem bera með sér gamla sorg, þ.e. þau sem misstu á meðgöngu fyrir árið 1990. Eftir góða endurgjöf og reynslu af fyrsta hópnum er ætlunin að ná til fleiri einstaklinga sem glíma við slíka sorg.

Þá var einnig skipulagður stuðningshópur fyrir foreldra og einstaklinga sem hafa þurft að binda enda á meðgöngu, en þegar fósturfrávik eða annar galli kemur í ljós á meðgöngu þurfa foreldrar oft að ganga í gegnum það erfiða ferli að binda enda á meðgöngu. Félagið og aðrir þjónustuaðilar í heilbrigðiskerfinu voru sammála um að mæta þyrfti þessum hópi sérstaklega og var því skipulagður stuðningshópur fyrir þau sem deila slíkri reynslu sem fór af stað í lok árs.

Ráðgjafasamtöl og jafningjastuðningur

Gleym mér ei býður upp á ráðgjafasamtöl, en alls voru hátt í tuttugu slík samtöl veitt á árinu. Þar komu til okkar foreldrar sem hafa misst en einnig aðstandendur þeirra. Ráðgjafasamtölin eru mismunandi eftir þörfum hvers og eins, en tilgangur þeirra er að svara spurningum sem brenna á fólki eftir meðgöngumissi, og benda á réttindi og þjónustu sem til staðar er.

Þá voru nokkrir í hefðbundnum jafningjastuðningi, en þar eru paraðir saman einstaklingar eða þör sem deila sömu, eða svipaðri, reynslu. Jafningjar Gleym mér ei hafa fengið viðeigandi þjálfun í gegnum Sorgarmiðstöð og því vel undirbúin til að taka að sér slíkan stuðning.



Stuðningshópar Gleym mér ei

Í sorgarferlinu er mjög algengt að finna fyrir einmanaleika og þá getur verið gott að fá stuðning frá einhverjum sem hefur gengið í gegnum svipaða reynslu.

Í stuðningshópum eru leiddir saman einstaklingar sem geta deilt reynslu sinni, hugsunum, upplifunum og tilfinningum í öruggu umhverfi. Við slíkar aðstæður myndast oft ómetanlegur skilningur sem er mörgum mikilvæg huggun á erfiðum tímum.

Stuðningshópar Gleym mér ei hittast í fimm til sex skipti og ræða ákveðin þemu tengd sorgarferlinu í hvert skipti. En alla jafna ráða þátttakendur ferðinni og tala um það sem liggur þeim á hjarta.

Það eru ávallt tveir einstaklingar sem stýra hópnum og leiða umræður. Sá sem leiðir hópinn er yfirleitt reyndur sálgæsluaðili, sem hefur stýrt mörgum hópum og/eða tekið sálgæslunám. Stundum hafa prestar og djáknar stýrt hópum og oft eru það einstaklingar sem hafa einnig reynslu af meðgöngu-eða barnsmissi. Hinn aðilinn er svokallaður „speglari“ sem hefur reynslu af meðgöngumissi og þó nokkra reynslu af því að taka þátt í stuðningshóp eða veita samtöl.

Ekki er gerð krafa á að allir þátttakendur tjái sig, heldur er lögð áhersla á að öllum líði vel, finni fyrir öryggi, og að virðing sé borin fyrir sorgarferli hvers og eins.

Stuðningur við samfélagið

Bók fyrir börn í sorg

Meðgöngumissir snertir ekki bara foreldra, heldur systkini og aðra aðstandendur. Það getur verið mjög erfitt fyrir foreldra að útskýra meðgöngumissi fyrir eldra systkini, enda er sorgarferli barna mjög flókið. Í samtölum við foreldra hefur komið í ljós að stuðningur við eldri börn sín er þeim oft ofarlega í huga.

Okkur hjá Gley mér ei langaði því að gefa út bók sem myndi hjálpa foreldrum að ávarpa þessa tegund missis, og um leið auðvelda börnum að ræða missinn og tjá tilfinningar sínar. Eins og með fullorðna, þá geta börn verið einmana í sorginni og er bókinni einnig ætlað að veita þeim huggun í því að aðrir deili þessari sáru reynslu.

Bókin er skrifuð af Sigrúnu K. Valsdóttur, varaformanni stjórnar Gley mér ei, og Kolbrúnu Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Gley mér ei, en þær deila þeirri reynslu að hafa þurft að útskýra meðgöngumissi fyrir eldri systkinum. Bókin var lengi í undirbúningi enda byggir hún á mikilli heimildavinnu. Þá var einnig leitað til séra Matthildar Bjarnadóttur sem hefur helgað sig stuðningi við börn í sorg.

Guðný Sara Birgisdóttir, myndlistarkona, tók að sér að myndskreyta og hanna bókina, en þess má geta að hún hlaut styrk úr *Höfundasjóði Myndstefs* við verkið.

Bókin mun þjóna sem dýrmætt úrræði fyrir fjölskyldur sem leitast eftir stuðningi á meðan þær takast á við meðgöngu- og barnsmissi og áskoranir sem fylgja því að styðja ung börn sín í gegnum sorgarferlið.

GLEYM MÉR EI



Kolbrún Tómasdóttir
Sigrún K. Valsdóttir

Hvar verður hægt að nálgast bókina?

Bókin kom út í lok árs 2025 og mun Gley mér ei því kynna bókina betur á næsta starfsári. Hún verður til sölu í Sorgarmiðstöð, bókabúðinni Sölku og á fleiri stöðum. Einnig verður hægt að panta hana með því að senda póst á gme@gme.is.

Gley mér ei hyggst gefa bókina þeim skjólstæðingum sem á þurfa að halda, m.a. verður henni komið fyrir í Minningarkössunum.



Stuðningur við samfélagið

Árleg Minningarstund 15. október

Minningarstund Gleym mér ei, sem haldin er á alþjóðlegum degi meðgöngu- og barnsmissis þann 15. október, er orðinn árlegur viðburður. Gleym mér ei stóð fyrir tveimur minningarstundum þetta árið, í safnaðarheimili Kópavogskirkju þann 15. október og daginn eftir á Akureyri. Auk þessa voru haldnar minningarstundir víðsvegar um landið.

Á Minningarstundinni gefst syrgjendum og öllum aðstandendum tækifæri til að koma saman og minnast litlu ljósanna sem fengu ekki að dvelja hjá okkur.

Alls mættu um 80-90 manns á Minningarstundina í Kópavogi og um þúsund manns horfðu á hana í streymi. Einnig voru haldnar minningarstundir í Ísafjarðarkirkju, Landakirkju í Vestmannaeyjum, Akranesarkirkju og í safnaðarheimili Patreksfjarðarkirkju.

Kolbrún Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Gleym mér ei, opnaði stundina í ár. Hólmfríður Anna Baldursdóttir, stjórnarformaður félagsins, tók einnig til máls og talaði um sorgarferlið og leiðina að þakklæti, en hún missti son sinn Eldar fyrir sjö árum síðan. Þá deildi Aníta Rós Tómasdóttir sögunni af því þegar hún missti dóttur sína, Heiðísí Emblu, sem fæddist andvana í byrjun árs 2024.

Dagbjört Eiríksdóttir, sem starfað hefur sem sálgaetir á kvennadeild Landsspítalans um árabíl og séð um stuðningshópa vegna meðgöngumissis, hélt erindi sem hún helgaði missi á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Una Torfa tók nokkur lög sem létu engan í salnum ósnortinn.

Minningarstundin í Glerárkirkju var með svipuðu sniði. Séra Stefanía Steinsdóttir, prestur á Ólafsfirði, deildi sögu sinni af Maríu Lindu, dóttur sinni sem lést í fæðingu vorið 2024. Þá spilaði Ívar Helgason ljúfa tóna sem gerði samverustundina á Akureyri alveg einstaka.

Gleym mér ei vill þakka Kópavogskirkju og Glerárkirkju, og öllum þeim sem þar starfa, fyrir góða samvinnu. Við þökkum einnig öllum þeim sem komu fram. Sérstakar þakkir sendum við þeim sem höfðu samband við okkur og héldu minningarstundir víða um land.



Gleym mér ei heimsækir Akureyri

Dagana 16. - 18. október fóru þrír fulltrúar úr stjórn Gleym mér ei, ásamt framkvæmdastjóra, til Akureyrar. Ferðin var liður í að efla tengsl við samstarfsaðila og skjólstaðinga á Akureyri og nágrenni.

Auk þess að halda Minningarstund í Glerárkirkju, var fundað með samstarfsaðilum fæðingardeildar spítalans á Akureyri. Gleym mér ei starfar náið með deildinni og var því gott að geta hitt fólkið þar og skoðað aðstæður. Þeim voru m.a. færðar lyklakippur með hjarta sem ætlaðar eru þeim sem missa á fyrsta þriðjungi meðgöngu.

Því næst var farið í kirkjugarðurinn í Naustahöfða og þeim afhent lítið ker sem nú hefur verið sett upp í duftreitinn þar, en þau sem missa á fyrsta þriðjungi meðgöngu geta þá sett hjörtun úr lyklakippunum í kerid og minnst barna sinna þannig.

Þá var tíminn einnig nýttur til að eiga samtöl við skjólstaðinga Gleym mér ei á Norðurlandi. Fundað var með Steinunni Erlu og Friðriki sem hlupu til minningar um son sinn, Gunnar Helga, í Reykjavíkurmaraþoninu. Þau halda úti minningarsjóði í hans nafni, en allur ágóði af maraþoninu rann að þessu sinni til Gleym mér ei. Sjóðurinn hefur einnig veitt styrki til fleiri góðra málefna tengdum meðgöngumissi.

Gleym mér ei hefur hug á að heimsækja fleiri landshluta á næsta starfsári.



Hagmunagæsla

Gleym mér ei stendur vörð um félagsleg og lagaleg réttindi þeirra sem missa á meðgöngu. Gleym mér ei á í samtali við fjölda foreldra sem misst hafa börn sín á meðgöngu og í/eftir fæðingu og reynir að miðla ábendingum um það sem má betur fara í réttan farveg, t.d. hjá ráðuneytum, áfallateymum spítala landsins, ljósmæðrum, heilsugæslum, félagsþjónustunni og til annarra viðeigandi aðila.

Mikilvægar breytingar á sorgarleyfi

Lög um sorgarleyfi/styrk tóku gildi 1. janúar 2023. Stjórn Gleym mér ei hefur fundað með félags- og vinnumarkaðsráðherrum beggja ríkisstjórna síðustu árin til að ræða réttindi og stöðu þeirra sem missa á meðgöngu þegar kemur að sorgarleyfinu.

Í mars lagði Inga Sæland, þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra fram frumvarp um breytingar á sorgarleyfinu sem fólu m.a. í sér tillögur Gleym mér ei um að rýmka réttindi þeirra sem missa á meðgöngu. Fulltrúar Gleym mér ei sendu umsögn og fóru á fund velferðarnefndar vegna málsins þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þessara breytinga, en jafnframt var bent á að enn væru þau sem missa á 12.-18. viku með öllu réttindalaus.



Framkvæmdarstjóri Gleym mér ei styrktarfélags eftir vel heppnaðan fund með velferðarnefnd Alþingis í tengslum við breytingar á frumvarpi á lögum um sorgarleyfi 2025.

Það var því ákveðinn áfangasigur þegar lögin voru samþykkt, en með breytingunum fá þau sem missa á 18.-22. viku þriggja mánaða sorgarleyfi (fengu tvo mánuði áður) og þau sem missa eftir 22. viku fá nú sex mánuði (fengu þrjá mánuði áður), enda er þá um að ræða andvana fæðingu barns samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum.

Þrátt fyrir þennan mikla sigur mun Gleym mér ei halda áfram að reyna að fá fram sorgarleyfi fyrir þau sem missa á 12.-18. viku meðgöngu.



Fulltrúar Gleym mér ei styrktarfélags og Sorgarmiðstöðvar ásamt Ingu Sæland, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra., á fundi um sorgarleyfi 2025.



Fulltrúar stjórnar og framkvæmdastjóri heimsóttu fæðingardeildina á Akureyri á árinu, en gott samstarf við heilbrigðisstarfsfólk er mjög mikilvægt hagsmunastarfi félagsins.

Kynning og fjáröflun

Gleym mér ei eykur vitundarvakningu á þeim málefnum sem snerta félagið og vinnur að því að auka skilning samfélagsins á þeirri sorg sem fylgir missi í barneignarferlinu. Félagið aflar frjálsra framlaga til að styrkja hin ýmsu verkefni, s.s. fyrir Minningarkassana, þjónustu við syrgjendur og rekstur félagsins.

Reykjavíkurmaraðon

Reykjavíkurmaraðonið er sem fyrr stærsta fjáröflun félagsins, en árið 2025 söfnuðust rúmar 15 milljónir króna frá hlaupurum og stuðningsfólki þeirra, en áheitin voru rúmlega 3000 talsins.

Fyrirtækið Center Hotels tvöfaldaði upphæð sinna hlaupara og Minningarsjóður Gunnars Helga lét einnig allt sitt söfnunarfé renna til félagsins. Því söfnuðust í heildina rúmar 17 milljónir!

Þessi stuðningur er félagi sem Gleym mér ei afar mikilvægur og gerir því kleift að styrkja stóðir sínar og ráðast í metnaðarfull verkefni fyrir sitt samfélag.

Fyrir maraðonið skipulagði Gleym mér ei þrjár hlaupæfingar fyrir skjólstæðinga sína, með Grétu Rut Bjarnadóttur, hlaupara og stjórnarkonu Gleym mér ei, í broddi fylkingar.

Á deginum sjálfum var Gleym mér ei að venju með hvatningarstöð á Nesvegi og hvatti hlaupara sína sem mörg hver voru í Gleym mér ei bolum með nöfnum litlu ljósanna sinna.

Eftir maraðonið var öllum hlaupurum og aðstandendum boðið að þiggja veitingar í sal við Lækjargötu. Ætlunin er að halda slíkan viðburð aftur á næsta starfsári, enda gaf þetta fólkinu okkar tækifæri til að koma saman og fagna dýrmætum áfanga.

Þetta er sannkallaður kærleiksher sem hleypur fyrir félagið ár hvert og erum við afar þakklátar öllum þeim sem taka þátt!



Styrktarsöfnun meðal almennings

Gleym mér ei fór í söfnun í kringum mæðradaginn þar sem einstaklingum gafst kostur á að styrkja félagið með eingreiðslum eða gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Vakin var athygli á málefnum á samfélagsmiðlum, auk þess sem hringt var í fólk.

Alls bættust 184 einstaklingar í hóp mánaðarlegra styrktaraðila á árinu og rúmar 1,7 milljónir króna söfnuðust með einstaka styrkjum á netinu og með úthringingum í þessu átaki.

Við lok árs voru virkir styrktaraðilar alls 372 og heildarframlög þeirra í desember námu rúmum 850 þúsund kr. Heildarframlög frá mánaðarlegum styrktaraðilum árið 2025 voru tæpar 7 milljónir – sem sýnir og sannar að margt smátt gerir eitt stórt!

Jólafondur og pökkun í Minningarkassa

Gleym mér ei skipuleggur reglulega stund þar sem fólk er boðið að pakka í Minningarkassana. Það er mjög hjartnæmt að fá foreldra, sem hafa misst á meðgöngu, til að pakka í kassa. Oft vill fólk gefa eitthvað til baka og er þetta dýrmæt leið til þess.

Hin árlega fondurstund var einnig haldin fyrir jólin – ein fyrir barnafjölskyldur og önnur fyrir fullorðna. Fólk fönðaði jólaskraut og jólakúlur með fóta- og handaförum litlu barnanna sinna. Föndurstundin var sem áður vel sótt og það gaf okkur einstaklega mikla hlýju í hjartað.



Kynning og fjáröflun

Styrkir frá fyrirtækjum og félögum

Gleym mér ei fann fyrir mikilli velvild frá fyrirtækjum og félögum á árinu. Hver stuðningur er ómetanlegur enda ber hann vott um viðurkenningu og traust til félagsins og er mikilvægur þáttur í kynningarstarfi.

Helstu styrkir frá fyrirtækjum, stofnunum og félögum á árinu komu frá Kvenfélaginu Neista Barðaströnd, AR veitingum ehf., Rebekkustúku nr. 21-Briet, Bónus, Barnaloppunni, Tildrög ehf., Center Hotels Íslandi, starfsmannafélagi Lagerdere Travel, Minningarsjóði Gunnars Helga, Afreki ehf., og Colas Íslands ehf. Górilla vöruhús veitir mikilvægan stuðning þar sem Gleym mér ei fær að geyma Minningarkassana í vöruhúsinu sér að kostnaðarlausu.

Styrkir frá hópum og einstaklingum

Það voru einnig hópar sem tóku sig saman og stóðu að söfnun og viðburðum fyrir félagið á liðnu ári. Að baki hverjum styrk er oft hjartnæm saga eða tenging við félagið.

Má þar nefna svokallað **gryfjuboltamót** þar sem saman komu um 200 konur sem spiluðu gryfjubolta og vöktu athygli á málefni félagsins og söfnuðu styrkjum í leiðinni. Nokkrir strákar í Laugalækjarskóla tóku sig til og skipulögðu **hlaup til styrktar Gleym mér ei í Laugardalnum** sem hluti af lokaverkefni í 10. bekk, en einn drengjanna missti bróður sinn og hefur því tengingu við félagið. Þeir söfnuðu alls 115 þúsund krónum (sjá mynd).

Þær **Aníta Ýr** og **Aníta Rós**, stjórnarkona Gleym mér ei, gáfu út þrjónauppskrift og létu allan ágóða af sölu hennar renna til félagsins. Þá valdi **Sara Björk Gunnarsdóttir**, knattspyrnukona og fyrrum fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, að styrkja Gleym mér ei þegar bakhjarlar hennar buðu henni að velja gott málefni til að styðja.

Leikstjórinn og klipparinn **Heimir Bjarnason** hélt góðgerðar afmælisbiósýningu þar sem safnað var fyrir félagið (sjá mynd), en systir hans, Gréta Rut, missti son sinn á meðgöngu og er í stjórn Gleym mér ei. Kona að nafni **Jódís**, sem starfar hjá **Elko**, tilnefndi Gleym mér ei til að taka við raftæki að eigin vali frá fyrirtækinu að andvirði 100 þúsund krónur (sjá mynd).

Auk þess lögðu fjölmargir einstaklingar styrki beint inn á reikning félagsins eða keyptu minningarkort. Þessir styrkir bárust oft í tengslum við afmæli, jarðarfari og aðra viðburði.



Kynning og fjáröflun

Barnabónus

Á þessu ári hóf Bónus nýtt verkefni undir yfirskriftinni *Barnabónus*. Verkefni þessu er ætlað að styðja við bakið á barnafjölskyldum og létta þeim lífið í nýjum kafla í lífinu. Pakkarnir eru framleiddir á Íslandi og settir saman af sjálfboðaliðum sem létu laun fyrir vinnu sína renna til Gleym mér ei.

Þar sem við gefum 60-90 Minningarkassa á ári til allra þeirra foreldra sem missa eftir 12. viku meðgöngu, þótti okkur táknrænt að vinnan á bakvið *Barnabónus* hjálpi okkur að fjármagna Minningarkassana. **Takk Bónus og öll hin sem komuð að þessu fallega verkefni.**



Fagurblá treyja FH

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) hefur síðustu ár tileinkað þriðja búning sinn mikilvægu málefni og í ár varð Gleym mér ei fyrir valinu. Þúsund krónur af hverri seldri treyju munu renna til félagsins og mun Auður, stuðningsaðili FH, tvöfalda þá upphæð sem safnast.

FH hefur staðið einstaklega vel að þessu verkefni og leyft okkur að vera með á hliðarlínunni. Þau gerðu fallegt myndband sem birtist á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi. Einnig hefur auglýsingaefni þessu tengt prýtt auglýsingaskilti víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Þá hlupu fjölmargir í fagurbláum FH treyjum í Reykjavíkurmaraþoninu og söfnuðu áheitum fyrir félagið.

Síðast en ekki síst hélt FH styrktarleik til heiðurs Gleym mér ei í lok október. Þar fengu börn sem tengjast félaginu að leiða leikmenn inn á völinn (sjá myndir).

Við þökkum FH kærlega fyrir að hafa valið að styrkja okkur og fyrir að leyfa okkur að taka virkan þátt verkefninu.



Stuðningur við Gleym mér ei hefur vaxið jafnt og þétt síðustu árin og við erum ákaflega þakklátar þeim sem hafa lagt okkur lið með styrkjum, vinnuframlagi, viðburðum, söfnunum, áheitum, kaupum á varningi... og svo mætti lengi telja.

Takk fyrir að hugsa til okkar og gefa félaginu byr undir báða vængi.

Myndir af starfinu 2025



Myndir af starfinu 2025



Fjármál og rekstur

Gleym mér ei heldur áfram að vaxa og dafna með stuðningi einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka í landinu. Alls safnaðist **33.622.854 króna** á árinu.

Vegna aukinna umsvifa og þjónustu við heilbrigðisstofnanir og skjólstaðinga félagsins þótti nauðsynlegt að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra úr 80% í 100% á árinu. Þá hefur félagið enn aðsetur í Lífsgæðasetrinu í Hafnarfirði.

Deloitte sér um bókhald og ársuppgjör félagsins.

Tekjur og styrkir

Mánaðarlegir styrktaraðilar og
stök framlög 12.125.402 kr.

Reykjavíkurmaraþon 17.302.532 kr.

Framlög frá fyrirtækjum 4.194.920 kr.

Samtals: 33.622.854 kr.

Útgjöld

Rekstur og laun 16.749.718 kr.

Stuðningur við samfélagið 9.095.209 kr.

Fjáröflun og kynningarmál 5.558.104 kr.

Samtals: 31.313.031 kr.

Stjórn Gleym mér ei 2025

Stjórnarformaður: Hólmfríður Anna Baldursdóttir

Varaformaður stjórnar: Sigrún Kristínar Valsdóttir

Gjaldkeri: Harpa Rún Helgadóttir

Ritari: Gréta Rut Bjarnadóttir

Meðstjórnendur: Aníta Rós Tómasdóttir, Helga Rán Sigurðardóttir og Ingibjörg Freyja Gunnarsdóttir

Varastjórn: Bjarndís Helga Blöndal, Helena Guðrún Guðmundsdóttir og Kolfinna Líf Pálsdóttir

Framkvæmdastjóri: Kolbrún Tómasdóttir



